



Afkomuspá Vátryggingafélags Íslands (VÍS) fyrir árið 2018

VÍS hefur ákveðið að birta framvegis reglulega spá fyrir næstu fjóra ársfjórðunga. Spáin verður uppfærð ársfjórðungslega, birt í afkomutilkynningum og kynnt í fjárfestakynningum félagsins.

- ➔ Spáin fyrir árið 2018 gerir ráð fyrir 95% samsettu hlutfalli og að hagnaður félagsins fyrir skatta verði 2,6 milljarðar króna.
- ➔ Spáin gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti iðgjalda. Gert er ráð fyrir að tjóna- og endurtryggingahlutfall verði 74% og hækki á milli ára.
- ➔ Þá er gert er ráð fyrir því að kostnaðarhlutfall félagsins verði um 21% og að innleiðingu nýs tryggingakerfis muni ljúka á árinu. Gert er ráð fyrir 7,2% nafnávöxtun fjárfestingaeigna félagsins.

Fjárfestingastefna VÍS miðar að því að samsetning eigna hámarki ávöxtun miðað við þann áhættuvilja sem settur hefur verið. VÍS hefur skilgreint áhættuvilja félagsins út frá gjaldþolshlutfalli sem er á bilinu 1,35 – 1,70.

Arðgreiðslustefna félagsins er að greiða allt að 100% af hagnaði hvers árs eftir skatta í arð. Arðgreiðslufjárhæð skal þó aldrei leiða til lægra gjaldþolshlutfalls eftir greiðslu arðs en áhættuvilji félagsins segir til um.

Áætlun 2018 || **VÍS + Lífis**

	1F 2018	2F 2018	3F 2018	4F 2018	Spá 2018
Tjóna- og endurtr.hlutfall	81,6%	69,4%	71,4%	74,4%	74,5%
Kostnaðarhlutfall	21%	21%	21%	21%	21%
Samsett hlutfall	103%	91%	92%	95%	95%
Ávöxtun fjáreigna	1,3%	2,4%	1,3%	2,4%	7,2%
Hagnaður fyrir skatta	147	996	654	804	2.600